

Niðurstaða samráðs í samráðsgátt

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 3/2003 var í samráði í Samráðsgátt 15. - 22. mars 2018.

Ein umsögn barst, frá Vísindafélagi Íslendinga. Stjórn félagsins var jákvæð gagnvart meginhugmynd frumvarpsins en lýsti áhyggjum yfir því að breytingarnar sem frumvarpið felur í sér gætu haft þá afleiðingu að möguleikar sumra vísindagreina til styrkja minnki í kjölfarið. Lagt er til að fjármagn til grunnrannsóknna á Íslandi verði aukið til að veða upp á minnkun á rannsóknafé til vísindasamfélagsins á Íslandi vegna þessa.

Möguleg áhrif af breytingunum voru skoðuð undirbúningsvinnu við frumvarpið og yfir þau farið í áhrifamati en þar kemur eftirfarandi fram:

Gert er ráð fyrir að nýtt ákvæði um samfjármögnun rannsókna muni hafa jákvæð áhrif á starfsemi háskóla og rannsóknastofnana, enda eykur það möguleika íslenskra vísindamanna sem þar starfa til að taka þátt í alþjóðlegum rannsóknum, til hagsbóta fyrir samfélagið. Gert er ráð fyrir að með þessari breytingu skapist betri jarðvegur til að búa til nýja þekkingu og efla nýsköpun.

Talið er mikilvægt að heimildin sé til staðar svo að Rannsóknasjóður hafi möguleika á að taka þátt í samfjármögnun alþjóðlegra verkefna þótt ekki sé gert ráð fyrir að nema örlítill hluti sjóðsins fari í slík verkefni. Stjórn Vísindafélags Íslendinga nefnir ekki einstakar vísindagreinar sem myndu líða fyrir þetta fyrirkomulag en áður en annað kemur í ljós eru kostirnir við breytinguna taldir veða þyngra en mögulegir gallar. Ráðstöfun styrkfjár í alþjóðleg samstarfsverkefni verður gerð skil í árlegri tölfræði sjóðsins og því hægt að fylgjast með því hver áhrifin verða á mismunandi fræðigreinar.

Ekki er gert ráð fyrir hækkun framlaga í Rannsóknasjóð vegna umræddra breytinga.

Framlagningu frumvarpsins verður frestað fram á næsta löggjafarþing.